

## SKRÁ

262

## um ný samvinnufélag samkvæmt Lögbirtingablaðinu 1947.

1. Byggingarsamvinnufélag Siglufjarðar, Siglufirði.
2. Samvinnufélagið Vörubílastöð Keflavíkur.
3. Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana, Reykjavík.
4. Byggingarsamvinnufélag Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, Reykjavík.
5. Byggingarsamvinnufélag póstmanna í Reykjavík.
6. Bifreiðastöð Grundarfjarðar, Grafarnesi við Grundarfjörð.
7. Byggingarsamvinnufélag Ólafsvíkur, Ólafsvík.
8. Byggingarsamvinnufélagið Bjarg, Vestmannaeyjum.
9. Byggingarsamvinnufélag ökumanna, Reykjavík.
10. Byggingarsamvinnufélag lögreglumanna í Reykjavík, Reykjavík.
11. Byggingarsamvinnufélagið Árroði, Reykjavík.
12. Byggingarsamvinnufélag Hafnarkauptúns, Höfn, Hornafirði.
13. Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra, Reykjavík.
14. Byggingarsamvinnufélag Seyðisfjarðar, Seyðisfirði.
15. Byggingarsamvinnufélagið Borg, Grafarnesi, Eyrarsveit.
16. Byggingarsamvinnufélag Ísafjarðar, Ísafirði.

## FIRMATILKYNNINGAR

263

Samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúrumboð, hafa eftirfarandi tilkynningar verið birtar í Lögbirtingablaðinu 1947:

## I. Reykjavík.

1.  
Á aðalfundi Hrímfaxa h/f, sem haldinn var 16. þ. m., var gerð svo hljóðandi ályktun: „Flytja skal heimili og varnarþing h/f Hrímfaxa frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, og skal félagið eiga heimili og varnarþing í Hafnarfirði frá 1. jan. næst komandi að telja.“ Í samræmi við þessa ályktun leyfum vér oss að æskja þess, að þér, herra firmaskrárritari, hlutist til um, að heimili og varnarþing félagsins sé flutt til Hafnarfjarðar, en strikist út af hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 21. nóvember 1946.

Garðar Þorsteinsson.

Kr. Bergsson.

Gústav A. Jónasson.

2.

Hér með tilkynnist, að ég meðundirritaður Hjörtur Jónsson, Leifsgötu 13, hef

gengið inn í firmað „Verzlunin Olympia“ hér í bænum. Fyrirtækið rekur við undirritaðir með ótakmarkaðri ábyrgð. Hvor okkar um sig hefur rétt til að skuldbinda firmað, og ritum við það þannig:

Verzlunin Olympia.

Hjörtur Jónsson.

Verzlunin Olympia.

Jón Hjartarson.

Reykjavík, 28. nóv. 1946.

Hjörtur Jónsson.

Jón Hjartarson.

3.

Ég undirritaður lýsi því yfir hér með, að ég hef hætt rekstri Sælgætisgerðarinnar Opal frá 1. janúar 1946 að telja. Óskast því ofanskráð firma afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 21. des. 1946.

Jón Guðlaugsson,

Miklubraut 30.

263 4.

Ár 1946, laugardaginn 21. desember, var almennur hluthafafundur haldinn í h/f Marz. Á fundinum voru mættir: Tryggvi Ófeigsson fyrir sjálfan sig og Jóhönnu, Rannveigu, Herdísi og Önnu Tryggvadætur, Ólafur Ófeigsson, Björn Ófeigsson, Guðmundur Ófeigsson, Páll Ásgeir Tryggvason og Björn Snæbjörnsson.

Á fundinum var samþykkt með samhljóða atkvæðum að flytja lögheimili félagsins frá Hafnarfirði til Reykjavíkur og í samræmi við þessa ákvörðun, var samþykkt með samhljóða atkvæðum að breyta 2. gr. félagslaganna. Orðast greinin nú þannig:

Lögheimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Fundi slitið.

Tryggvi Ófeigsson.  
Ólafur Ófeigsson.  
Björn Ófeigsson.  
Guðm. Ófeigsson.  
Páll Ásg. Tryggvason.  
Björn Snæbjörnsson.

5.

Það tilkynnist hér með, að ég undirritaður rek fatahreinsun og pressun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Efnalaugin Gyllir. Firmað rita ég þannig:

Efnalaugin Gyllir.  
Arinbjörn E. Kúld.  
Reykjavík, 23. des. 1946.  
Arinbjörn E. Kúld,  
Njálsgötu 110.

6.

Þar eð skiptum í hlutafélaginu „Sigurjón Jónsson h/f“ er að fullu lokið, óskast það afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 27. desember 1946.  
Skilanefnd „Sigurjón Jónsson h/f“  
Ragnar Ólafsson.

7.

Með því að Verzlunin Dagrún hér í bænum var lögð niður hinn 1. maí 1946,

þá óskast firmanafnið afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 30. des. 1946.  
Magnús G. Guðmundsson,  
Lyngholti við Grensásveg.

8.

Hinn 17. desember 1946, var fundur haldinn í Skógerð Kristjáns Guðmundssonar & Co. h/f, og samþykkt að auka hlutafé félagsins úr kr. 180000 upp í kr. 200000 — tvö hundruð þúsundir króna. Hlutafjárukning þessi var innborguð á fundinum.

Reykjavík, 30. desember 1946.  
Kristján Guðmundsson.  
Sigmar Guðmundsson.  
Bergur Kristinsson.

9.

Á almennum hluthafafundi, sem haldinn var í Pappír h/f 30. desember 1946, var samþykkt með samhljóða atkvæðum að slíta félaginu. Samkvæmt þessari ákvörðun hluthafafundarins leyfum vér oss að tilkynna félagsslitin, og óskum þess jafnframt, að félagið verði afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 30. desember 1946.  
Pappír h/f.  
H. F. Hallgrímsson.  
J. V. Hafstein.  
G. Guðjónsson.

10.

Það tilkynnist hér með, að meðundirritaður Ólafur A. Guðmundsson, Vesturgötu 53 í Reykjavík, hefur gengið inn í firmað „Matstofuna“ hér í bænum sem fullábyrgur félagi. Firmað ritum við hvor í sínu lagi, þannig:

Matstofan.  
Jón Guðlaugsson.  
Matstofan.  
Ólafur A. Guðmundsson.  
Reykjavík, 30. desember 1946.  
Jón Guðlaugsson.  
Ólafur A. Guðmundsson.

11.

Það tilkynnist hér með, að Ingibjörg Lárusdóttir, Fjölnisvegi 20, Rvík, hefur gengið inn í firmað Verzlun Lárusar F.

Björnssonar sem fullábyrgur félagi. Hvort okkar um sig hefur rétt til að skuldbinda firmað, og ritum við það þannig:

Verzlun Lárusar F. Björnssonar  
Lárus F. Björnsson.

Verzlun Lárusar F. Björnssonar.  
Ingibjörg Lárusdóttir.

Reykjavík, 30. desember 1946.  
Ingibjörg Lárusdóttir.  
Lárus F. Björnsson.

12.

Hér með tilkynnist, að frú Ragnhildur Sigurðardóttir, Laugavegi 8, Rvík, hefur gengið í firmað „Hlaðbúð“, með ákveðnu framlagi, og er ábyrgð hennar bundin við upphæð þess. Ragnar Jónsson, Barónsstíg 12, ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans. Hann hefur einn rétt til þess að skuldbinda það. Hann ritar firmað svo:

Hlaðbúð.

Ragnar Jónsson.

Reykjavík, 31. des. 1946.

Ragnar Jónsson.

Ragnhildur Sigurðardóttir.

13.

Á aðalfundi Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f 26. marz 1945 var samþykktum félagsins breytt á þá leið að aftan við 3. gr. um tilgang félagsins bætist: „og að annast rekstur veitingastarfsemi, verzlun og annan skyldan atvinnurekstur“. Það tilkynnist enn fremur, að hlutafé Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f er nú kr. 180000 — eitt hundrað og áttatíu þúsundir króna. Hlutafjársofnun er lokið og hlutaféð allt innborgað.

Reykjavík, 31. des. 1946.

Oddur Ólafsson.

Ingimar Jónsson.

Jón Axel Pétursson.

14.

Það tilkynnist hér með, að við undirritaðar höfum selt Krístrúnu Jónsdóttur, Grettisgötu 55 C, okkar hluta í „Hannyrðastofunni“, og er nefnt firma, Hann-

yrðastofan, því framvegis okkur óvið- 263  
komandi.

Reykjavík, 31. desember 1946.

F. h. mína og Ólafar Steingrímsdóttur.

Ragnhildur S. Steingrímsdóttir.

Kristín Jónsdóttir.

F. h. Láru Grímsdóttur

Guðrún Helgadóttir.

Samkvæmt ofanrituðu rek ég framvegis „Hannyrðastofuna“ ein, og á eigin ábyrgð. Það tilkynnist jafnframt, að prókúruumboð Ragnhildar Steingrímsdóttur afturkallast hér með.

Reykjavík, 31. desember 1946.

Krístúr Jónsdóttir,

Grettisgötu 55 C.

15.

Með því að Fatagerðin Rósin hefur hætt rekstri, óskast fyrirtækið afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 31. desember 1946.

Alexía Pálsdóttir.

16.

Hér með tilkynnist, að ég undirritaður hef hinn 1. janúar 1946 selt h/f Svani í Reykjavík, minn hluta (helming) í firmanu Sælgætisgerðinni Víkingi, og eru skuldbindingar firmans frá þeim degi mér óviðkomandi.

Reykjavík, 31. desember 1946.

Þórður Ólafsson.

17.

Við undirritaðir, Jón Kjartansson, kpm., Garðastræti 39, Rvík, og h/f Svanur Vatnsstíg 11, Rvík, höfum keypt Sælgætisgerðina Víking hér í bæ, og rekum við hana framvegis þannig, að ég undirritaður, Jón Kjartansson, ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans, og h/f Svanur ábyrgist skuldir þess með öllum eignum sínum. Firmað ritar Jón Kjartansson einn þannig:

Sælgætisgerðin Víkingur.

Jón Kjartansson.

Reykjavík, 31. desember 1946.

Jón Kjartansson.

H/f Svanur

H. J. Hólmjárn.

Jón Kjartansson.

263 18.

Það tilkynnist hér með, að ég undirritaður hef selt firma mitt, Sælgætisgerðina Víking, hinn 24. ágúst 1935, þeim Jóni Kjartanssyni, frkvstj., og Þórði Ólafssyni, frkvstj., og eru skuldbindingar firmans frá þeim degi mér óviðkomandi.

Reykjavík, 31. desember 1946.  
Björn G. Björnsson.

19.

Hér með tilkynnist, að við undirritaðir rekum með ótakmarkaðri ábyrgð firma í Reykjavík undir nafninu Valhús. Tilgangur fyrirtækisins er kaup og rekstur fasteigna. Hvor okkar um sig hefur rétt til að skuldbinda firmað, og ritum við það þannig:

Valhús.  
Jón Guðmundsson.  
Valhús.  
Sigurður Jónsson.

Reykjavík, 2. janúar 1947.  
Jón Guðmundsson,  
Nýjabæ, Seltjarnarnesi.  
Sigurður Jónsson,  
Garðastræti 43, Rvík.

20.

Það tilkynnist hér með, að Valdemar Hansen, frkvstj., Hrefnug. 3, Rvík, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir Hið íslenska steinolíuhlutafélag, Reykjavík, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Hið Íslenska steinolíuhlutafélag  
Vald. Hansen.

Reykjavík, 3. janúar 1947.

Í stjórn  
Hins íslenska steinolíuhlutafélags.  
Lárus Fjeldsted.  
Ól. Tr. Einarsson.

21.

Það tilkynnist hér með, að Sigurði Jónassyni, frkvstj., Miklubraut 3, Reykjavík, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir Hið íslenska steinolíuhlutafé-

lag, Reykjavík, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Hið Íslenska steinolíuhlutafélag  
Sigurður Jónsson.

Reykjavík, 3. janúar 1947.

Í stjórn  
Hins íslenska steinolíuhlutafélags.  
Lárus Fjeldsted.  
Ól. Tr. Einarsson.  
Vald. Hansen.

22.

Hér með tilkynnist, að við undirritaðir höfum sett á stofn og rekum minjagripagerð í Reykjavík, undir nafninu Minjagripagerðin. Fyrirtækið rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð, og skuldbindum við það hvor um sig þannig:

Minjagripagerðin.  
Gunnar R. Ólafsson.  
Minjagripagerðin.  
Númi Sigurðsson.

Reykjavík, 6. janúar 1947.  
Gunnar R. Ólafsson.  
Númi Sigurðsson.

23.

Við undirritaðir, Pétur Georgsson, Gunnarsbraut 32, Ísleifur A. Pálsson, Hagamel 23, og Torfi Jóhannsson, Ásvallagötu 27, Reykjavík, rekum umboðs- og heildverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Astor & Co. Firmað ritum við þannig:

Astor & Co.  
Pétur Georgsson.  
Astor & Co.  
Ísleifur A. Pálsson.  
Astor & Co.  
Torfi Jóhannsson.

Reykjavík, 5. janúar 1947.  
Pétur Georgsson.  
Ísleifur A. Pálsson.  
Torfi Jóhannsson.

24.

Við undirritaðir rekum umboðsverzlun hér í bænum með alls konar byggingarvörur og aðrar vörur. Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð undir firma-

nafninu Finsk-íslenzka verzlunarfélagið.  
Firmað ritum við þannig:

Finsk-íslenzka verzlunarfélagið.

Árni Pálsson.

Árni Sigfússon.

Reykjavík, 10. janúar 1947.

Árni Pálsson,

Vífilsgötu 5, Reykjavík.

Árni Sigfússon,

Vestmannaeyjum.

25.

Það tilkynnist hér með, að við undirrituð höfum gengið í félag til þess að kaupa og reka húseignina Sólvallagötu 41, undir nafninu „Sameignarfélagið Sólvallagata 41“. Þátttakendur hera allir ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Firmað ritum við öll sameiginlega þannig:

Sameignarfélagið Sólvallagata 41.

Andrés Björnsson.

Geir Gunnlaugsson.

Sigurlaug Björnsdóttir.

Prókúru fyrir firmað hefur Andrés Björnsson, og ritar hann firmað þannig:  
pr. pr. Sameignarfélagið Sólvallagata 41.

Andrés Björnsson.

Reykjavík, 13. janúar 1947.

Andrés Björnsson,

Tjarnargötu 39.

Geir Gunnlaugsson,

Eskihlíð A.

Sigurlaug Björnsdóttir,

Borgarnesi.

26.

Það tilkynnist hér með, að Hjalta G. Jónathanssni, Bárugötu 6, Reykjavík, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir Þ. Þorgrímsson & Co., Reykjavík, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Þ. Þorgrímsson & Co.

Hjalti G. Jónathansson.

Reykjavík, 16. janúar 1947.

Þorgrímur Þorgrímsson.

27.

Við undirritaðir tilkynnum hér með, að við höfum í dag selt firma okkar, Hjólbardann, samnefndu hlutafélagi, og

óskast það því afmáð úr firmaskrá 263  
Reykjavíkur.

Reykjavík, 16. janúar 1947.

Sveinn Zoëga.

Jón Bergsson.

28.

Kirkjustræti 4 h/f í Reykjavík rekur veitingar og matsölu hér í bænum á eigin ábyrgð, undir nafninu „Tjarnarlundur“. Stjórn Kirkjustrætis 4 h/f er jafnframt stjórn Tjarnarlunds, og skipa hana þessir menn: Lára Pétursdóttir, Leifsgötu 4, formaður, Þorvaldur Sigurðsson, s. st., og Ólafur Þorgrímsson, Víðimel 63. Firmað rita tveir stjórnendur sameiginlega, þannig:

Tjarnarlundur

Kirkjustræti 4 h/f.

Lára Pétursdóttir.

Ólafur Þorgrímsson.

Tjarnarlundur

Kirkjustræti 4 h/f.

Lára Pétursdóttir.

Þorvaldur Sigurðsson.

Tjarnarlundur

Kirkjustræti 4 h/f.

Þorvaldur Sigurðsson.

Ólafur Þorgrímsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Tjarnarlundur

Kirkjustræti 4 h/f.

Lára Pétursdóttir.

Reykjavík, 17. janúar 1947.

Lára Pétursdóttir.

Þorvaldur Sigurðsson.

29.

Á almennum fundi, sem haldinn var í Litum & Lökkum h/f, voru kosnir í stjórn félagsins: Lúðvig Einarsson, Vesturgötu 45, formaður, Kolbeinn Pétursson, Háteigsvegi 3, varaformaður, og Pétur Traustason, Eiríksgötu 6, ritari. Varastjórnandi var kosinn Sigurður Guðmundsson, Reynimel 52.

Reykjavík, 23. janúar 1947.

Litir & Lökk h/f.

Lúðvig Einarsson.

Kolbeinn Pétursson.

Pétur Traustason.

263 30.

Við undirritaðir, sem höfum rekið umboðsverzlun undir firmanafninu Sigmundur Jóhannsson & Co., tilkynnum hér með, að við höfum slitið félaginu frá 31. desember 1946 að telja, og óskast því nefnt firma strikað út af firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 25. janúar 1947.  
Sigm. Jóhannsson.  
Einar Egilsson.

31.

Ég undirritaður, Þorsteinn Gíslason, Ránargötu 29, Rvík, rek húsgagnaverzlun hér í bænum, undir nafninu „Húsgagnaverzlun Vesturbæjar“. Firmað rita ég þannig:

Húsgagnaverzlun Vesturbæjar.  
Þorsteinn Gíslason.  
Reykjavík, 27. janúar 1947.  
Þorsteinn Gíslason.

32.

Við undirritaðir, Ludvig Storr, konsúll, Laugavegi 15, og Hannes Þorsteinsson, fulltrúi, Bergstaðastræti 64, rekum umboðs- og heildverzlun hér í bæ, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Hannes Þorsteinsson & Co. Firmað ritum við þannig:

Hannes Þorsteinsson & Co.  
Ludvig Storr.  
Hannes Þorsteinsson & Co.  
Hannes Þorsteinsson.  
Reykjavík, 28. janúar 1947.  
Ludvig Storr.  
Hannes Þorsteinsson.

33.

Undirritaðir reka sem fullábyrgir félagar fyrirtæki í Reykjavík, undir nafninu Almenna húsamálunin s/f. Undirskrift tveggja félaga skuldbindur félagið þannig:

Almenna húsamálunin s/f.  
Ástvaldur Stefánsson.  
Hjálmar Kjartansson.  
Almenna húsamálunin s/f.  
Ástvaldur Stefánsson.  
Ólafur T. Jónsson.

Almenna húsamálunin s/f.

Ólafur T. Jónsson.

Hjálmar Kjartansson.

Reykjavík, 31. janúar 1947.

Ólafur T. Jónsson,

Hagamel 15, Rvík.

Ástvaldur Stefánsson,

Ásvallagötu 6, Rvík.

Hjálmar Kjartansson,

Urðarstig 4, Rvík.

34.

Með því að firmað Þvottahúsið Laug er hætt að starfa, þá óskast það hér með afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 31. janúar 1947.  
Gunnlaugur Ólafsson,  
Víðimel 60.

35.

Ég undirritaður lýsi hér með yfir því, að ég hef í dag selt Jóhanni Karlssyni, stórkaupmanni, Samtúni 8, Rvík, minn hluta í heildverzlun Jóh. Karlssonar & Co., og eru mér allar skuldbindingar firmans óviðkomandi frá deginum í dag.

Reykjavík, 25. júlí 1946.  
Pétur Halldórsson.

Samkvæmt ofanrituðu er ég nú einkaeigandi að firmanu Jóh. Karlssyni & Co., og rek ég það einn á eigin ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Jóh. Karlsson & Co.  
Jóh. Karlsson.  
Reykjavík, 1. febrúar 1947.  
Jóh. Karlsson.

36.

Við undirritaðar, Ásbjörg Björnsdóttir, Sigt. 41, Rvík, og Sigurjóna Sigurðardóttir, Barmahlíð 16, Rvík, rekum smásöluverzlun hér í bænum sem fullábyrgir félagar, undir nafninu Verzlunin Dagrún. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Verzlunin Dagrún.  
Sigurjóna Sigurðardóttir.  
Ásbjörg Björnsdóttir.

Prókúruumboð fyrir verzlunina hefur Ketill Ólafsson, Sigtúni 41, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verzlunin Dagrún.  
Ketill Ólafsson.  
Reykjavík, 4. febrúar 1947.  
Sigurjóna Sigurðardóttir.  
Ásbjörg Björnsdóttir.

37.

Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir, Haukur Snorrason, Samtúni 20, Rvík, og Kristján Sigfússon, Karlag. 18, Rvík, rekum smásöluverzlun hér í bænum sem fullábyrgir félagar, undir nafninu „Laugabúðin“. Firmað ritum við hvor um sig þannig:

Laugabúðin.  
Haukur Snorrason.  
Laugabúðin.  
Kristján Sigfússon.  
Reykjavík, 4. febrúar 1947.  
Haukur Snorrason.  
Kristján Sigfússon.

38.

Það tilkynnist hér með, að prókúruumboð það, sem Bergsteinn Guðjónsson hefur haft fyrir samvinnufélagið Hreyfil hér í bænum er afturkallað frá 1. febr. 1947, en frá sama tíma hefur félagið veitt Tryggva Kristjánssyni, Vesturg. 30, prókúruumboð með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa. En hann er frá sama tíma ráðinn framkvæmdastjóri félagsins. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Samvinnufélagið Hreyfill.  
Tryggvi Kristjánsson.  
Reykjavík, 6. febrúar 1947.  
Þorgrímur Kristinsson.  
Ingjaldur Ísaksson.  
Bergsteinn Guðjónsson.  
Ingvar Sigurðsson.  
Tryggvi Kristjánsson.

39.

Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir, Nicolai Bjarnason, Flókagötu 1, Rvík, og Guðmundur Eiríksson, Reynimel 24, Rvík, rekum söltun, fiskverkun og skyldan atvinnurekstur hér í bænum, sem fullábyrgir félagar, undir nafninu „Sölt-

unarstöðin“. Hvor okkar um sig ritar firmað, þannig:

Söltunarstöðin.  
Nic. Bjarnason.  
Söltunarstöðin.  
Guðm. Eiríksson.  
Reykjavík, 7. febrúar 1947.  
Nic. Bjarnason.  
Guðm. Eiríksson.

40.

Kristján Pétursson, Stýrimannastíg 7, hefur selt Nönnu Guðmundsdóttur, s. st., eignarhluta sinn í neðanskraðu firma. Nanna Guðmundsdóttir og Brandur Búason, Hverfisgötu 121, hafa aukið stofnfjártillög sín um fimmtán þúsundir króna hvort. Ábyrgð þeirra er bundin við eignarhlutina eins og þeir eru á hverjum tíma. Með því að Stefán Björnsson hefur hætt störfum fyrir firmað, er prókúruumboð hans hér með fallið úr gildi. Kjartani Guðjónssyni, Hólsvegi 10, Rvík, er hér með veitt prókúruumboð fyrir firm- að. Kjartan undirritar þannig:

p. p. Heildverzlun Magni Guðmundsson.  
K. Guðjónsson.  
Reykjavík, 10. febrúar 1947.  
Heildverzlun Magni Guðmundsson.  
M. Guðmundsson.

41.

Við undirritaðar, Ragnheiður Jóhannesdóttir, Reykjalundi, Mosfellssveit, og Guðný Jóhannesdóttir, Freyjugötu 38, Rvík, höfum selt firma okkar „Carmen“, hárgreiðslustofu og verzlun, þeim Ragnheiði Magnúsdóttur, Þórsgötu 5, Rvík, og Jakobínu Bjarnadóttur, Grundarstíg 6, Rvík, og eru okkur óviðkomandi skuldbindingar firmans frá 16. janúar s. l.

Reykjavík, 13. febrúar 1947.  
Ragnheiður Jóhannesdóttir.  
Guðný Jóhannesdóttir.

42.

Hér með afturkallast prókúruumboð það, sem Pétri Péturssyni var veitt fyrir Ferrum, umboðs- og heildverzlun hér í bænum. Jafnframt veitist Guðmundi Árnasyni, Bergstaðastræti 80, Rvík, pró-

**263** kúruumboð fyrir nefnt fyrirtæki. Firmað ritar hann þannig:

p. p. Ferrum, umboðs- og heildverzlun.

G. Árnason.

Reykjavík, 14. febrúar 1947.

Garðar Þorsteinsson.

43.

Eftirtaldir menn hafa verið kosnir í stjórn Efnalaugar Vesturbæjar h/f: Jón Guðlaugsson, Miklubraut 30, formaður. Meðstjórnendur: Ólafur A. Guðmundsson, Vesturgötu 53, og Gunnhildur Árnadóttir, s. st. Varastjórnandi: Aðalheiður Magnúsdóttir, Miklubraut 30.

Reykjavík, 14. febrúar 1947.

Ólafur A. Guðmundsson.

Jón Guðlaugsson.

44.

Hér með tilkynnist, að 30. f. m. skipaði ráðuneytið í stjórn Fiskiðjuvers ríkisins, Reykjavík, þá Þorleif Jónsson, framkvæmdastjóra, Lúðvik Jósepsson, alþm., og Pálma Loftsson, framkvæmdastjóra. Þorleifur Jónsson er formaður stjórnarinnar. Sama dag skipaði ráðuneytið dr. Jakob Sigurðsson, fiskiðnfræðing, framkvæmdastjóra fiskiðjuversins, og hefur hann prókúruumboð. Framkvæmdastjóri og prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Fiskiðjuver ríkisins.

G. Jakob Sigurðsson.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. febr. 1947.

F. h. r.

e. u.

Gunnl. E. Briem.

45.

Á hluthafafundi í „G. Þorsteinsson & Johnson h/f hinn 14. febrúar 1947, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Garðar Þorsteinsson, Sætúni, Seltjarnarnesi, formaður, Guðmundur Árnason, Bergstaðastræti 80, varaformaður, Þórunn Sigurðardóttir, Sætúni, Seltjarnarnesi, ritari. Framkvæmdastjóri félagsins var ráðinn Guðmundur Árnason, Bergstaðastr. 80, og ritar hann firmað

varðandi allt það, sem snertir venjulegan rekstur, þannig:

G. Þorsteinsson & Johnson h/f.

G. Árnason.

Reykjavík, 14. febr. 1947.

Garðar Þorsteinsson.

G. Árnason.

46.

Það tilkynnist hér með, að Gunnar Guðjónsson, skipamiðlari, er genginn úr stjórn Vélsmiðjunnar Jötuns h/f. Er stjórn félagsins nú þannig skipuð: Gísli Halldórsson, Flókagötu 6, formaður, Þorsteinn Erlingsson, Grettisgötu 73, ritari, og frú Sigríður Halldórsson, Flókagötu 6, gjaldkeri. Prókúruumboð það, sem Edward Proppé hafði fyrir félagið, afturkallast hér með, en prókúruumboð fyrir félagið hefur, auk Gísla Halldórssonar, Þorsteinn Erlingsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vélsmiðjan Jötunn h/f.  
Þorsteinn Erlingsson.

Reykjavík, 14. febrúar 1947.

Gísli Halldórsson.

Þorsteinn Erlingsson.

47.

Hér með tilkynnist, að ég undirritaður hef selt verzlunina Pfaff, er ég hef rekið sem einkaeigandi, samnefndu hlutfélagi, og óskast hún því afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 15. febrúar 1947.

Magnús Þorgeirsson.

48.

Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir, Kristófer J. G. Kristófersson, Grandavegi 42, Rvík, og Þorsteinn Ketilsson, Sogavegi 140, Rvík, rekum fyrirtæki hér í bænnum með ótakmarkaðri ábyrgð, er annast alls konar viðgerðir á bifreiðakössum og benzíngeymum, svo og alls konar kveikingar, logsuðu, réttingar og skyld störf, undir nafninu Kiddi & Steini

s/f. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Kiddi & Steini s/f.  
Kristófer Kristófersson.  
Þorsteinn Ketilsson.  
Reykjavík, 24. febrúar 1947.  
Kristófer Kristófersson.  
Þorsteinn Ketilsson.

49.

Hér með tilkynnist, að ég undirrituð, Guðlaug Thorlacius, Ásvallagötu 7, rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Verzlunin Lofn. Firmað rita ég þannig: Verzlunin Lofn.

Gulla Thorlacius.  
Reykjavík, 24. febrúar 1947.  
Guðlaug Thorlacius.

50.

Ég undirritaður, Ólafur Friðgeir Ólafsson, Skipholti 27, Rvík, rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Ullarvörubúðin. Firmað rita ég þannig:

Ullarvörubúðin.  
Ólafur F. Ólafsson.  
Reykjavík, 27. febr. 1947.  
Ólafur F. Ólafsson.

51.

Hér með tilkynnist, að Sigurði Jónasyni, Miklubraut 3, Reykjavík, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir Ólíufélagið h.f. í Reykjavík, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Ólíufélagið.  
Sigurður Jónasson.  
Reykjavík, 28. febrúar 1947.  
Í sjórn Ólíufélagsins h.f.  
Vilhjálmur Þór.  
Sk. Thorarensen.  
Karvel Ögmundsson.  
Ástþór Matthíasson.

52.

Hér með tilkynnist, að fyrirtæki okkar, „Sölumiðstöðin“, hefur skipt um nafn, og

heitir hér eftir „Fasteignasölumiðstöðin“. 263  
Gísli Indriðason ritar firmað, þannig:

Fasteignasölumiðstöðin.  
G. Indriðason.  
Reykjavík, 1. marz 1947.  
G. Indriðason.  
Áki Jakobsson.

53.

Hér með tilkynnist, að ég undirritaður hef gengið úr firmanu Snorra G. Guðmundssyni & Co., og eru mér því frá deginum í dag að telja allar skuldbindingar firmans óviðkomandi.

Reykjavík, 6. marz 1947.  
Sigurjón Pétursson.

Samkvæmt framanrituðu rek ég framvegis einn firmað Snorra G. Guðmundsson & Co., á eigin ábyrgð, og rita ég firmuð þannig:

Snorri G. Guðmundsson & Co.  
Snorri G. Guðmundsson.  
Reykjavík, 6. marz 1947.  
S. G. Guðmundsson,  
Víðimel 47.

54.

Hér með tilkynnist, að við, Guðmundur Jensson, Öldugötu 16, Rvík, og Hörður Bjarnason, Hólavallagötu 13, Rvík, rekum smásöluverzlun í Reykjavík sem fullábyrgir félagar, undir firmanafninu „Bíóbúðin“. Firmað ritum við þannig:

„Bíóbúðin“.  
G. Jensson.  
Hörður Bjarnason.  
Reykjavík, 18. marz 1947.  
Guðmundur Jensson.  
Hörður Bjarnason.

55.

Hér með afturkallast prókúruumboð það, sem Magnús Pálsson, Njálsgötu 10, hefur haft fyrir verzlun mína, Kiddabúð, hér í bænum. Jafnframt hef ég veitt Karítas Bjargmundsdóttur, Njálsg. 64, fullt prókúruumboð fyrir firmað, og ritar hún það þannig:

pr. pr. Kiddabúð.  
Karítas Bjargmundsdóttir.  
Reykjavík, marz 1947.  
Kristján Jónsson.

263 56.

Með því að ég hef selt hlutafélaginu Dettifossi í Reykjavík firma mitt, Verzlunina Dettifoss, óskast það afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 25. marz 1947.  
Margrét Hinriksd.

57.

Við undirritaðir, Þorsteinn Sveinsson, hdl., Hringbraut 85, og Hákon Jóhannsson, stkpm., Njálsgötu 76, rekum hér í bænum, sem fullábyrgir félagar, kaup og sölu fasteigna, lausafjármuna og skipa, svo og alls konar samningagerðir, undir nafninu „Sala og samningar“. Firmað ritum við hvor í sínu lagi, þannig:

Sala og samningar.

Þorsteinn Sveinsson.

Sala og samningar.

Hákon Jóhannsson.

Reykjavík, 1. apríl 1947.

Þorsteinn Sveinsson.

Hákon Jóhannsson.

58.

Hér með tilkynnist, að ég hef í dag, hinn 1. apríl 1947, selt Ísleifi Pálsyni firma mitt, Verzlunina Þórsmörk, og eru skuldbindingar firmans mér því óviðkomandi frá og með deginum í dag að telja. Frá sama tíma fellur niður prókúrumboð Páls Jónsson, Lokastíg 18.

Reykjavík, 1. apríl 1947.

Sæmundur Jónsson.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég í dag keypt Verzlunina Þórsmörk, og mun reka hana óbreytta og með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Þórsmörk.

Ísleifur Pálsson.

Reykjavík, 1. apríl 1947.

Ísleifur Pálsson,

Hverfisgötu 104 A.

59.

Við undirritaðir, Ingólfur Guðmundsson, bakameistari, Efstasundi 10, Rvík, og Ólafur E. Jónsson, bakari, Efstasundi 21, Rvík, rekum brauðgerðarhús og brauðsölu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu

Bakari Ingólfs Guðmundssonar & Co. Hvor okkar hefur rétt til að rita firmað, en þó þarf undirskrift beggja, sé um sölu eða veðsetningu fasteigna að ræða.

Firmaritun:

Bakari Ingólfs Guðmundssonar & Co.

Ingólfur Guðmundsson.

Bakari Ingólfs Guðmundssonar & Co.

Ólafur E. Jónsson.

Reykjavík, 1. apríl 1947.

Ingólfur Guðmundsson.

Ólafur E. Jónsson.

60.

Undirrituð stjórn Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík h/f hefur á fundi sínum 8. apríl 1947 samþykkt að ráða Sigurjón Sigurbjörnsson, Smiðjugötu 11, Ísafirði, sem framkvæmdastjóra fyrir félagið og veita honum prókúrumboð með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f  
Sigurjón Sigurbjörnsson.

Frá sama tíma fellur niður prókúrumboð það, sem Hafsteinn Bergþórsson hefur haft fyrir félagið.

Vestmannaeyjum, 8. apríl 1947.

Í stjórn

Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík h/f

Einar Sigurðsson.

Ág. Matthíasson.

Þorsteinn Sigurðsson.

61.

Það tilkynnist hér með, að á fundi í Vélsmiðjunni Jötni h.f. 2. apríl 1947 voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Vilhjálmur Þór, Reynimel 27, Rvík, formaður, Agnar Tryggvason, Laufási, Rvík, varaform. Meðstjórnendur: Gisli Halldórsson, Flókagötu 6, Rvík, Helgi Þorsteinsson, Háteigsvegi 32, Rvík, og Helgi Bergs, Skólav.st. 30, Rvík. Þá var sú breyting gerð á samþykktum félagsins, að til þess að skuldbinda félagið þarf undirskrift þriggja stjórnenda í stað

tveggja áður, eða undirskrift formannsins eins, og ritar stjórnin firmað þannig:

Vélsmiðjan Jötunn h.f.  
Vilhjálmur Þór.  
Helgi Bergs.  
Agnar Tryggvason.  
Vélsmiðjan Jötunn h.f.  
Vilhjálmur Þór.  
H. Þorsteinsson.  
Gísli Halldórsson,  
o. s. frv.

Formaður ritar firmað þannig:

Vélsmiðjan Jötunn h.f.  
Vilhjálmur Þór.

Þá tilkynnist það enn fremur, að Gísli Halldórsson hefur látið af framkvæmdastjórn í Vélsmiðjunni Jötni h.f., og hefur prókúruumboð hans fyrir félagið verið afturkallað. Einnig er afturkallað prókúruumboð Þorsteins Erlingssonar fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn Helgi Bergs, og hefur stjórnin veitt honum prókúruumboð, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vélsmiðjan Jötunn h.f.  
Helgi Bergs.  
Reykjavík, 8. apríl 1947.  
Vilhjálmur Þór.  
H. Þorsteinsson.  
Helgi Bergs.  
Gísli Halldórsson.

62.

Hér með tilkynnist, að Ingólfur Gíslason, Fitjakoti í Mosfellssveit, hefur í dag gengið inn í firmað H. Jónsson & Co. sem fullábyrgur félagi. Ritar hann firmað þannig:

H. Jónsson & Co.  
Ing. Gíslason.  
Reykjavík, 10. apríl 1947.  
I. Guðmundsson.  
Sveinn Gunnarsson.  
Hafliði Jónsson.  
Ing. Gíslason.

63.

Stjórn Prentsmiðjunnar Eddu h/f í Reykjavík skipa þessir menn: Sigurður Kristinsson, formaður, Vilhjálmur Þór, forstjóri, Helgi Þorsteinsson, framkvstj., Hermann Jónasson, fyrrv. forsætisráðh.,

Eysteinn Jónsson, menntamálaráðh. — 263  
Varamaður: Guðmundur Kr. Guðmundsson.

Það tilkynnist enn fremur, að prókúruumboð Eysteins Jónssonar fyrir Prentsmiðjuna Eddu h/f er afturkallað. En jafnframt tilkynnist, að Þorsteini Thorlacius er veitt prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Prentsmiðjan Edda h/f.

Þ. Thorlacius.  
Reykjavík, 17. apríl 1947.  
Sigurður Kristinsson.  
Vilhjálmur Þór.  
Hermann Jónasson.  
H. Þorsteinsson.  
Eysteinn Jónsson.

64.

Með því að ég hef selt verzlunina Kápu-búðina, Laugavegi 35, samnefndu hluta-félagi, þá óskast nefnt firma afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

F. h. Sigurður Guðmundssonar,  
Laugavegi 11.

Gunnar Þorsteinsson,  
sem skipaður lögráðamaður.

65.

Það tilkynnist hér með, að við höfum orðið ásáttar um að hætta rekstri firmans Bókhalds og bréfaskrifta. Eignum firmans höfum við skipt. Jafnframt er fallinn niður réttur okkar til þess að skuldbinda hvora aðra. Samkvæmt þessu óskast firmað afmáð úr firmaskránni.

Reykjavík, 25. apríl 1947.  
J. Guðmundsdóttir.  
María Thorsteinsson.

66.

Hér með tilkynnist, að við höfum selt Lárusi Ingimarssyni, Vitastíg 8 A, Rvík, Verzlunina Goðaborg, og eru skuldbindingar firmans okkur óviðkomandi frá þessum degi.

Reykjavík, 25. apríl 1947.  
Sigurlaug Guðmundsdóttir.  
Puríður Árnadóttir.

- 263 Samkvæmt ofanrituðu hef ég keypt verzlunina Goðaborg, og rek hana með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Goðaborg.  
Lárus Ingimarsson.  
Reykjavík, 25. apríl 1947.  
Lárus Ingimarsson.

67.

Hinn 30. nóvember 1946 veitti undirrituð stjórn fyrirtækisins Verzlunarinnar Holts h/f, Skólavörðustíg 22 í Reykjavík, Markúsi E. Jensen, kaupm., Leifsgötu 3 í Reykjavík, prókúruumboð fyrir fyrirtæki þetta, og hefur hann rétt til að skuldbinda fyrirtækið eftir gildandi reglum um prókúrahafa. Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. Verzlunin Holt h/f.  
M. Jensen.

Reykjavík, 25. apríl 1947.

Í stjórn Verzlunarinnar Holts h/f.  
Hjálmar Stefánsson.  
Stefanía Stefánsdóttir.

68.

Við undirritaðir rekum heildsölu og umboðsverzlun í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Guðni Theodorsson & Co. Firmað ritum við hvor um sig þannig:

Guðni Theodorsson & Co.

Guðni Þ. Theodorsson.

Guðni Theodorsson & Co.

Harry Schrader.

Reykjavík, 26. apríl 1947.

Guðni Þ. Theodorsson,

Laugarnesvegi 58.

Harry Schrader,

Suðurg. 8 A.

69.

Vér leyfum oss hér með að tilkynna eftirfarandi breytingar á firma voru, Prentmyndagerðinni Litrófi: Ingimundur Eyjólfsson gekk úr firmanu hinn 1. jan. s. l. Eru allar skuldbindingar firmans honum óviðkomandi frá þeim tíma. Hafsteinn Guðmundsson, prentsmiðjustjóri, Þingholtsstr. 27 hér í bæ, hefur gengið inn í firmað með ákveðnu framlagi. Hann ber ekki ábyrgð á skuldum firmans umfram framlag sitt. Eymundur

Magnússon ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans. Hann ritar firmað einn, þannig:

Prentmyndagerðin Litróf.

Eymundur Magnússon.

Reykjavík, 28. apríl 1947.

Ingimundur Eyjólfsson.

Eymundur Magnússon.

Hafsteinn Guðmundsson.

70.

Á aðalfundi Sænsk-íslenska verzlunarfélagsins h/f, sem haldinn var 2. þ. m., var ákveðið að auka hlutfé félagsins úr kr. 100.000 — eitt hundruð þúsundum króna — upp í kr. 200 000 — tvö hundruð þúsundir króna. Var hlutfé þetta innbargað.

Reykjavík, 29. apríl 1947.

Sænsk-íslenska verzlunarfélagið h/f.

Magnús Kjaran

Björgvin Schram.

71.

Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir, Ólafur P. Stefánsson, Þingholtsstræti 16, Rvík, og Runólfur Magnús Stefánsson, s. st., rekum prentsmiðju hér í bænum sem fullábyrgir félagar undir nafninu Ingólfsprent s/f. Hvor okkar um sig ritar firmað þannig:

Ingólfsprent s/f.

Ólafur P. Stefánsson.

Ingólfsprent s/f.

Magnús Stefánsson.

Reykjavík, 29. apríl 1947.

Ólafur P. Stefánsson.

Magnús Stefánsson.

[462

72.

Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir, Dýri Baldvinsson, Auðarstræti 7, og Guðni Jónsson, Laugvegi 60, Rvík, rekum sælgætisgerð hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Sælgætisgerðin. Firmað ritum við sam-eiginlega, þannig:

Sælgætisgerðin.

Guðni Jónsson.

Dýri Baldvinsson.

Reykjavík, 30. apríl 1947.

Guðni Jónsson.

Dýri Baldvinsson.

73.

Hér með tilkynnist, að ég, Sigurður Þorvarðsson, kaupm., Barmahlíð 6, Rvík, hef í dag gengið úr firmanu „Ásgeirsbúð“, en ég, Ásgeir V. Björnsson, kaupm., Baldursgötu 8, Rvík, rek fyrirtækið áfram einsamall og á eigin ábyrgð, og rita ég einn firmað.

Reykjavík, 2. maí 1947.

Sigurður Þorvarðsson.  
Ásgeir V. Björnsson.

74.

Hér með tilkynnist, að Olíuhreinsunarstöðin h/f, Reykjavík, hefur aukið hlutfé sitt upp í kr. 137.000 — eitt hundrað þrjátíu og sjö þúsundir króna — sem allt er innborgað. Stjórn félagsins skipa nú: Aðalsteinn Björnsson, Stórholti, Rvík, formaður, Bergsveinn Bergsveinsson, Laugavegi 137, Rvík, ritari, og Sigurður Jónsson, Fjölnisvegi 18, féhirðir.

Reykjavík, 2. maí 1947.

Bergsveinn Bergsveinsson.  
Aðalsteinn Björnsson.  
Sigurður Jónsson.

75.

Ég undirrituð, Jóhanna Guðmundsdóttir, Garðastræti 2, Rvík rek bókhald, bréfaskriftir, fjölrítun, vélritun og þýðingar hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Bókhald. Firmað rita ég þannig:

Bókhald.

J. Guðmundsd.

Reykjavík, 3. maí 1947.  
Jóhanna Guðmundsd.

76.

Undirrituð stjórn Stíllis h/f hefur hinn 30. maí 1947 samþykkt að veita Páli Einarssyni, Eiríksgötu 23, Rvík, prókúruumboð fyrir félagið með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögum. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Stíllir h/f  
Páll Einarsson.

Frá sama tíma fellur niður prókúruumboð það, sem Örn Guðmundsson, Suðurgötu 22, hefur haft fyrir félagið.

77.

Á fundi í Carli D. Tulinius & Co. h/f hinn 9. maí 1947 voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Hallur Þorleifsson, Barónsstíg 65, formaður. Meðstjórnendur: Jóhanna Ólafsson, Þingholtsstr. 18, og Gísli Guðlaugsson, Öldugötu 32. Stjórn hlutafélagsins hefur ákveðið að veita eftirtöldum aðilum prókúruumboð: Gísli Guðlaugssyni, Öldugötu 32, Gísli Ólafssyni, Þingholtsstræti 18, og Kristni Þ. Hallssyni, Barónsstíg 65, og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. Carl D. Tulinius & Co. h/f.  
Gísli Guðlaugsson.

pr. pr. Carl D. Tulinius & Co. h/f.  
Gísli Ólafsson.

pr. pr. Carl D. Tulinius & Co. h/f.  
Kristinn Þ. Hallsson.

Reykjavík, 9. maí 1947.  
Hallur Þorleifsson.  
Jóhanna Ólafsson.  
Gísli Guðlaugsson.

78.

Hér með óskast firmanafnið Þrjónles afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur, þar sem félaginu hefur nú verið breytt í hlutafélag undir nafninu Þrjónles h/f.

Reykjavík, 9. maí 1947.  
S/f Þrjónles.

Ólafur H. Bjarnason.

79.

Það tilkynnist hér með, að ég undirrituð rek hér í bænum bókaútgáfu á eigin ábyrgð undir nafninu Iðunnarútgáfan. Firmað rita ég þannig:

Iðunnarútgáfan.

Valdim. Jóhannsson.

Reykjavík, 10. maí 1947.

Valdimar Jóhannsson,  
Njálsgötu 83, Rvík.

80.

Það tilkynnist hér með, að ég undirrituð rek hér í bænum bókaútgáfu á eigin ábyrgð undir nafninu Draupnisútgáfan. Firmað rita ég þannig:

Draupnisútgáfan.

Valdim. Jóhannsson.

Reykjavík, 10. maí 1947.

Valdimar Jóhannsson,  
Njálsgötu 83, Rvík.

263

263 81.

Á aðalfundi, sem haldinn var í Sölumiðstöð sænskra framleiðenda h/f 27. apríl 1946, var samþykkt af öllum félagsmönnum að breyta lögum félagsins á þann hátt að fækka stjórnendum úr fjórum í þrjá. Jafnframt var tilkynnt á fundinum, að fyrrverandi formaður félagsins, Stefán Jóh. Stefánsson, væri genginn úr félaginu. Stjórn félagsins skipa: Haukur Claessen, Vatnssstíg 9, formaður. Meðstjórnendur: Guðmundur Í. Guðmundsson, Hringbraut 87, og Guðmundur G. Hagalín, Langholtsvegi 73.

Reykjavík, 10. maí 1947.

Sölumiðstöð sænskra framleiðenda h/f  
Haukur Claessen.  
Guðmundur Í. Guðmundsson.

82.

Það tilkynnist hér með, að frá því í dag að telja veitist Kolbeini Péturssyni, Barmahlíð 17, Rvík, prókúruumboð fyrir Liti & Lökk h/f í Reykjavík, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. h/f Litir & Lökk.  
Kolb. Pétursson.

Frá sama tíma afturkallast hér með prókúruumboð það, er Gunnlaugur G. Björns-son hefur haft fyrir nefnt félag.

Reykjavík, 13. maí 1947.

Ludvig Einarsson.  
Kolb. Pétursson.

83.

Það tilkynnist hér með, að ég undirritaður, Stefán G. Stefánsson, Eskihlíð 12 B, Reykjavík, rek veitingar og kaffisölu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Stefánskaffi. Firmað rita ég þannig:

Stefánskaffi.  
Stefán G. Stefánsson.  
Reykjavík, 13. maí 1947.  
Stefán G. Stefánsson.

84.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum með ótakmarkaðri ábyrgð bóka- og rit-

fangaverzlun undir firmanafninu Snæbjörn Jónsson & Co. Hverjum um sig er heimilt að rita firmað, en skylt er okkur að gera allar mikilsverðar ráðstafanir í samráði hver við annan. Óheimilt að lána eða láta af hendi eignir firmans að fráskilinni vörusöl eða vöruláni, svo og skuldbinda firmað með ábyrgð fyrir aðra.

Reykjavík, 14. maí 1947.

Gunnar E. Kvaran,  
Smáragötu 6.  
Snæbjörn Jónsson,  
Holtsgötu 7.

Ól. Bergmann Erlingsson,  
Njálsgötu 76.

85.

Það tilkynnist hér með, að ég meðundirritaður, Davíð Sigmundur Jónsson, Kirkjuteig 17, hef keypt hluti þá, er þeir Jón Bjarnason, Njarðargötu 5, og Sigfús Sighvatsson, Amtmannsstíg 2, Reykjavík, hafa átt í firmanu Davíð S. Jónssyni & Co., umboðs- og heildverzlun í Reykjavík. Ofangreindir aðilar, Jón Bjarnason og Sigfús Sighvatsson, eru því lausir frá öllum skuldbindingum gagnvart fyrirtækinu.

Reykjavík, 20. maí 1947.

Davíð S. Jónsson.  
Jón Bjarnason.  
Sigfús Sighvatsson.

86.

Hlutfé Sildar- og fiskimjölsverksmiðjunnar er 1000000.00 kr., en ekki 100000.00 kr. eins og misritazt hafði í handriti, sbr. 48. tbl. Lögbbl. þ. á.

87.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að hlutafélaginu Hattabúðinni, Reykjavík, hefur verið slitið, og óskast það hér með afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 20. maí 1947.

Dagbjartur Sigurðsson.  
Bjarni Andrés-son.  
Jason Sigurðsson.

88.

Með því að váttryggingarhlutafélagið Skandinavía í Kaupmannahöfn hefur frá 31. desember 1942 hætt starfsemi sinni hér á landi, óskast félagið hér með afmáð úr hlutafélagaskránni í Reykjavík.

Reykjavík, 21. maí 1947.  
Trolle & Rothe h/f.  
Carl Finsen.

89.

Við undirritaðir, Eyjólfur Guðsteins-son, Laugavegi 34, Reykjavík, og Sigurjón Sigurðsson, Njálsgötu 48, Reykjavík, rekum verzlun hér í bænum sem fullábyrgir félagar, undir nafninu Verzlunin Stóra-Borg. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Verzlunin Stóra-Borg.  
Eyjólfur Guðsteinsson.  
Sigurjón Sigurðsson.  
Reykjavík, 23. maí 1947.  
Eyjólfur Guðsteinsson.  
Sigurjón Sigurðsson.

90.

Það tilkynnist hér með, að á fundi Trolle og Rothe h/f, Reykjavík, 21. marz þ. á., voru þessir kosnir í stjórn félagsins: Carl Finsen, forstjóri, Skálholti, Rvík, formaður, Eiríkur Stephensen, ftr., Bröttugötu 6, varaformaður, og Ólafur H. Matthíasson, ftr., Njálsgötu 92, meðstjórnandi. Jafnframt gengu þeir Eggert Claessen hrl. og Hjalti Jónsson konsúll úr stjórn téðs hlutafélags.

Reykjavík, 25. maí 1947.  
Trolle & Rothe h/f.  
Carl Finsen.  
Eiríkur Stephensen.  
Ó. H. Matthíasson.

91.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi hlutafélagsins Hótel Hreðavatn 6. marz þ. á. voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Árni J. Björnsson, forstjóri, Borgarnesi, Halldór Sigurðsson, fulltrúi, s. st., og Sigurður Guðbrandsson, mjólkurbússtjóri, s. st.

Borgarnesi, 1. júní 1947.  
Árni J. Björnsson.  
Halldór Sigurðsson.  
Sigurður Guðbrandsson.

## IV. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

1.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, að við undirritaðir rekum og starfrækjum í félagi vélsmiðju í Ólafsvík, undir nafninu Vélsmiðjan Sindri, og berum sameiginlega ábyrgð á rekstri hennar. Höfum við báðir rétt til að skuldbinda firmað, og er undirskriftum hagað þannig:

Vélsmiðjan Sindri.  
Guðjón Sigurðsson.  
Vélsmiðjan Sindri.  
Bjarni Sigurðsson.  
Ólafsvík, 5. jan. 1947.  
Guðjón Sigurðsson.  
Bjarni Sigurðsson.

2.

Hinn 14. des. 1946 voru eftirgreindir menn kosnir í stjórn Hraðfrystihúss

Grundarfjarðar h/f á aðalfundi þess það ár: Sigurður Daðason, formaður, og meðstjórnendur Páll Þorleifsson, Kristlaugur Bjarnason, Hrólfur Árnason og Finnur Sveinbjörnsson, allir til heimilis í Grafarnesi.

Grafarnesi, 25. júlí 1947.  
pr. pr. Hraðfrystihús Grundarfjarðar h/f.  
Oddur Kristjánsson.

## V. Barðastrandarsýsla.

1.

Það tilkynnist hér með, að Fiskveiðahlutafélagið Njáll, Bildudal, hefur með samþykki félagsfundar hinn 2. febr. 1946 keypt öll hlutabréf í Niðursuðuverksmiðjunni á Bildudal h/f, og hefur á félagsfundum sínum þann dag ákveðið að leggja það félag niður sem sérstakt hlutafélag frá þeim tíma að telja, og ákveðið jafnframt, að eignir þess allar, skuldir og rekstur, skuli færð yfir í Fiskveiðahlutafélagið Njál, Bildudal, frá þeim tíma.

Niðursuðuverksmiðjan á Bildudal h/f hefur því verið strikuð út úr hlutafélagaskrá Barðastrandarsýslu.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu,  
24. marz 1947.

2.

Hér með tilkynnist til skrásetningar í firmaskrá Barðastrandarsýslu, að vér höfum á fundi vorum hinn 17. þ. m. afturkallað prókúruumboð það, er Salómon Einarsson hefur haft fyrir Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f, frá sama degi að telja.

Á fundi vorum 27. þ. m. var Péttri Guðmundssyni falið prókúruumboð fyrir félagið frá þeim degi að telja.

Patreksfirði, 29. ágúst 1947.  
Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f.  
Jóhann Skaptason.  
Á. G. Þorsteinsson.  
Svavar Jóhannsson.

3.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrárinnar, að Ingólfi Arasyni verzlunarmanni,

Patreksfirði, var falið prókúruumboð fyrir oss á fundi vorum hinn 8. þ. m., og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vesturnes h/f.  
Ingólfur Arason.  
Patreksfirði, 22. nóv. 1947.  
S. Jóhannsson.  
Gisli Snæbjörnsson.  
Oddg. Magnússon.  
Salómon Einarsson.

## VI. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðar- kaupstaður.

1.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrárinnar, að á fundi hluthafa í Harðfiskstöðinni h/f, Ísafirði, í dag, var Jens Einarsson, Skipagötu 7, Ísafirði, kosinn formaður stjórnarinnar.

Ísafirði, 2. janúar 1947.

Í stjórn Harðfiskstöðvarinnar h/f.  
Sigríður Gísladóttir.  
Jens E. Einarsson.  
Garðar Finnsson.

2.

Við undirritaðir, Hinrik Guðmundsson, skipstjóri, Aðalstræti 13, Ísafirði, og Guðmundur Sveinsson, netagerðarmeistari frá Góustöðum, til heimilis við Engjaveg á Ísafirði, rekum í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð netaiðnað, hnýtingu og alls konar viðgerðir neta og segla.

Starfsemin er rekin undir firmanafninu Netagerð Guðmundar Sveinssonar & Co. Firmað ritum við báðir, og er undirskrift beggja nauðsynleg til þess að skuldbinda firmað.

Firmað ritum við þannig:  
Netagerð Guðmundar Sveinssonar & Co.  
Guðm. Sveinsson.  
Hinrik Guðmundsson.  
Ísafirði, 17. janúar 1947.  
Guðm. Sveinsson.  
Hinrik Guðmundsson.

3.

Á aðalfundi h/f Hauks, Hnífsdal, sem haldinn var 17. maí 1947, voru þessir

263 menn kosnir í stjórn félagsins: Jóakim Pálsson, skipstjóri, formaður, Friðbjörn Friðbjörnsson og Gabriella Jóhannesdóttir.

Hnífsdal, 20. júní 1947.  
pr. H/f Hauks.  
Jóakim Pálsson.

4.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Ísafjarðarsýslu, að á aðalfundi Hraðfrystihússins h/f, sem haldinn var 26. maí s. l., var Jóakim útgerðarm. Pálsson í Hnífsdal kosinn í aðalstjórn félagsins í stað Elíasar Ingimarssonar, fyrrv. framkvæmdastjóra þess.

Að öðru leyti er aðalstjórnin óbreytt.  
Hnífsdal, 28. júní 1947.

Í stjórn Hraðfrystihússins h/f.  
Páll Pálsson.  
Jóakim Pálsson.  
Hjörtur Guðmundsson.

5.

Með skirskotun til auglýsingar, sem birt var í Lögbirtingablaðinu nr. 27 20. maí 1946, og samþykkt hluthafafundar h/f Glámu 22. febrúar 1946 og 17. okt. 1947 tilkynnist hér með, að félaginu hefur verið slitið, og óskast það því máð úr firmaskrá Ísafjarðarsýslu.

Reykjavík, 17. október 1947.  
Í skilanefnd félagsins.  
O. Proppé.  
Anton Proppé.  
Th. B. Lindal.

6.

Það tilkynnist hér með, að á stjórnarfundum, sem haldinn var 2. maí 1947 í „Neisti“ h/f, Ísafirði, var samþykkt að auka hlutafé félagsins um 70000.00 — sjöttíu þúsund — krónur. Er því hlutafé félagsins 251000 — tvö hundruð fimmtíu og eitt þúsund — krónur.

Hlutaféð er allt innborgað.  
Ísafirði, 20. okt. 1947.

Í stjórn Neista h/f.  
Ágúst Leós.  
Július Helgason.  
Kristján Leós.

7.

Það tilkynnist hér með, að stjórn útgerðarhlutafélagsins Njarðar, Ísafirði, er nú þannig skipuð:

Ketill Guðmundsson, kaupfélagsstjóri, formaður, Guðm. Guðmundsson, skipstj., Hannibal Valdimarsson, alþm., Ólafur Magnússon, skrifstofustj., Stefán Stefáns-son, skósm.meistari.

Varastjórn: Jónas Tómasson, bóksali, Sigurður Guðmundsson, bakameistari, Guðm. Lúðvíksson, skrifstofum., Þorleifur Guðmundsson, forstjóri, Sigurvin Júlí-sson, skipstjóri.

Ísafirði, 12. nóv. 1947.  
pr. H/f Njörður  
Ólafur Magnússon.

8.

Hér með tilkynnist hlutafélagaskrá Vestur-Ísafjarðarsýslu að á almennum hluthafafundi, sem haldinn var í Ísver h.f. 3. des. 1947, voru kosin í stjórn félagsins:

Skúli Pálsson, Laugásvegi 18 A, formaður, og meðstjórnendur: Kristján Guðmundsson, Laugamýrarbletti 27, og frú Svava Skaftadóttir, Laufásvegi 18 A, öll í Reykjavík. Stjórnin hagar undirskriftum sínum svo sem hér segir:

Ísver h.f.  
Skúli Pálsson.  
Kr. Guðmundsson.

Ísver h.f.  
Skúli Pálsson.  
Svava Skaftadóttir.

Ísver h.f.  
Kr. Guðmundsson.  
Svava Skaftadóttir.

Prókúruumboð Örnólfs Valdimarssonar afturkallast.

Prókúruhafi félagsins er Skúli Pálsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Ísver h.f.  
Skúli Pálsson.

P. t. Reykjavík, 3. des. 1947.  
Skúli Pálsson.  
Kr. Guðmundsson.  
Svava Skaftadóttir.

## VII. Strandasýsla.

1.

Stjórn Kaupfélags Hrótfirðinga, Borðeyri, gefur Jóni Gunnarssyni prókúruumboð fyrir nefnt félag og skrifar hann nafn sitt þannig:

pr. pr. Kaupfélag Hrótfirðinga.  
Jón Gunnarsson.

Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð það, sem Ingólfur Jónsson hefur haft fyrir nefnt félag.

Borðeyri, 5. nóv. 1946.  
Gunnar Þórðarson.  
Jón Tómasson.  
Þorst. Ól. Þorsteinsson.

2.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Strandasýslu, að á aðalfundi Niðursuðuverksmiðju Hólmavíkur h/f, sem haldinn var 24. ágúst 1947, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Kristinn Benediktsson, kaupmaður, Kristján Jónsson, kaupmaður, og Friðjón Sigurðsson, skrifstofumaður, allir búsettir í Hólmavík.

Varamaður Jóhannes Bergsveinsson, bifreiðarstjóri, Hólmavík. Form. stjórnarinnar er Kristinn Benediktsson.

Hólmavík, 12. september 1947.  
Kristinn Benediktsson.  
Kristján Jónsson.  
Friðjón Sigurðsson.

## VIII. Skagafjarðarsýsla.

1.

Við undirritaðir, Sigurður Sigfússon og Árni Jóhannesson, báðir til heimilis á Sauðárkróki, rekum byggingavöruverzlun og trésmiðaverkstaði á Sauðárkróki með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Byggingavöruverzlun Sigurðar Sigfússonar. Hvor okkar um sig ritar firmað, þannig:

Byggingavöruverzlun  
Sigurðar Sigfússonar.  
Sigurður Sigfússon.  
Byggingavöruverzlun  
Sigurðar Sigfússonar.  
Árni Jóhannesson.

Prókúruumboð hefur Árni Jóhannesson 263 og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Byggingavöruverzlun  
Sigurðar Sigfússonar.  
Árni Jóhannesson.  
Sauðárkróki, 24. jan. 1947.  
Sigurður Sigfússon.  
Árni Jóhannesson.

2.

Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar, að prókúruumboð það, sem Þormóður Pálsson hefur haft fyrir Samvinnufélag Fljótamanna í Haganesvík, er afturkallað frá og með 5. júní 1947.

Frá deginum í dag að telja veitist formanni félagsins, Hermanni Jónssyni á Yzta-Mói, prókúruumboð fyrir félagið þangað til annað verður ákveðið.

Haganesvík, 9. júní 1947.

Í stjórn Samvinnufélags Fljótamanna.  
Herm. Jónsson.  
Árni Eiríksson.  
Jón Gunnlaugsson.  
Hartmann Guðmundsson.  
Jónm. G. Guðm.son.

## IX. Siglufjörður.

1.

Aðalfundur í Verzlunarfélagi Siglufjarðar h.f., Siglufirði, samþykkti eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

a) að úr stjórn félagsins, sem er skipuð þremur mönnum, gangi einn maður árlega, tvö fyrstu árin eftir hlutkesti.

Stjórn félagsins skipa nú: Árni Ásbjarnarson, bústjóri, Hóli, formaður, og meðstjórnendur Jón Jóhannesson, mál-færslum., Siglufirði, og Finnur Nielsson, bókhaldari, Siglufirði.

Framkvæmdastjóri er Ásgeir Jónsson.

b) að auka hlutafé félagsins upp í kr. 120000.00.

Hlutafjársofnun heldur áfram.

Siglufirði, 30. október 1946.

Í stjórn Verzlunarfélags Siglufjarðar h.f.  
Árni Ásbjarnarson.  
F. Nielsson.  
Jón Jóhannesson.

263 Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að vegna fjarveru Þóris Halldórssonar hefur hann lagt niður prókúruumboð fyrir h/f Pólarsild, Siglufirði, frá 20. nóvember s. l., og hefur Páli Erlendssyni, Siglufirði, verið veitt prókúruumboð fyrir nefnt hlutafélag frá sama tíma að telja og þar til öðruvísi verður ákveðið.

Páll Erlendsson ritar firmað þannig:  
pr. pr. h/f Pólarsild  
Páll Erlendsson.

Siglufirði, 20. nóvember 1946.

Í stjórn h/f Pólarsildar  
Sigþór Guðjónsson.

F. h. Magnúsar Halldórssonar  
H. Kristinsson

(skv. umboði).

3.

Það tilkynnist hér með, að stjórn Sildarverksmiðja ríkisins hefur á fundi sínum hinn 28. þ. m. veitt Sigurði Jónssyni, skrifstofustjóra, Túngötu 43, Siglufirði, sem ráðinn hefur verið viðskiptaframkvæmdastjóri Sildarverksmiðja ríkisins frá 1. jan. 1947, prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar frá sama tíma að telja samkv. 4. gr. laga nr. 1/1938.

Frá og með 1. janúar 1947 afturkallast prókúruumboð Hilmars Kristjónssonar, framkvæmdastjóra, Hlíðarvegi 4 A, Siglufirði, sem verður tekniskur framkvæmdastjóri Sildarverksmiðja ríkisins frá 1. jan. 1947.

Viðskiptaframkvæmdastjórinn skuldbindur Sildarverksmiðjur ríkisins þannig með undirskrift sinni:

pr. pr. Sildarverksmiðjur ríkisins.  
Sigurður Jónsson.

Reykjavík, 31. des. 1946.

Stjórn Sildarverksmiðja ríkisins.  
Sveinn Benediktsson.

Jón L. Þórðarson.

Erl. Þorsteinsson.

4.

Hér með tilkynnist, að á fundi 12. febr. 1947 ákvað Sildarútvegsnefnd að veita framkvæmdastjóra nefndarinnar, Jóni Stefánssyni, Siglufirði, prókúruumboð

fyrir Sildarútvegsnefnd með réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögum.

Prókúruhafi undirritar þannig:

pr. pr. Sildarútvegsnefnd.

Jón Stefánsson.

F. h. Sildarútvegsnefndar.

Sig. Kristjánsson, form.

5.

Prókúruumboð það, er Georg Pálsson, skrifstofumaður, Siglufirði, hefur haft fyrir mína hönd, afturkallast hér með frá deginum í dag að telja.

Siglufirði, 6. marz 1947.

Friðrik Guðjónsson.

6.

Hér með tilkynnist hlutafélagaskrá Siglufjarðar, að á aðalfundi í félaginu Þormóður Eyólfsson, sem haldinn var 17. júní 1947, var kosin í stjórn félagsins frú Guðrún Björnsdóttir, Siglufirði, í stað Jóns Kjartanssonar.

Siglufirði, 15. júlí 1947.

Stjórn Þormóðs Eyólfssonar h/f  
Þormóður Eyólfsson,

formaður.

Sigrún Þormóðs,

varaformaður.

Guðrún Björnsdóttir,

ritari.

7.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að með deginum í dag leggur Páll Erlendsson niður prókúruumboð fyrir Pólarsild h/f, Siglufirði, en við prókúruumboðinu tekur Sigþór Guðjónsson, Hólavegi 19, Siglufirði, og ritar þannig fyrir firmað:

pr. pr. Pólarsild h/f.

Sigþór Guðjónsson.

Enn fremur tilkynnist, að Magnús Halldórsson er genginn úr stjórn félagsins, en í hans stað kemur Agnar Samúelsson.

Stjórn félagsins skipa því nú: Sigþór Guðjónsson, form., Páll Erlendsson, ritari, og Agnar Samúelsson, meðstj.

Siglufirði, 14. ágúst 1947.

Sigþór Guðjónsson.

Páll Erlendsson.

Anton Samúelsson.

## X. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrar- kaupstaður.

1.

Hinn 31. október 1946 voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn Vöruhússins h/f á Akureyri:

Páll Sigurgeirsson, Eyrarlandsvegi 24, formaður, Sigríður Oddsdóttir, s. st., varaformaður, og Haraldur Sigurgeirsson, Hafnarstræti 106, ritari.

Endurskoðendur: Magnús Jónsson, lögfræðingur, Helgamagrástræti 20, og Karl Friðriksson, verkstjóri, Strandgötu 45.

Jafnframt var Páli Sigurgeirssyni veitt prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vöruhúsið h/f.  
Páll Sigurgeirsson.

2.

Heimili og varnarþing hlutafélagsins Múla er á Dalvík, en ekki Akureyri, svo sem misritazt hafði í handriti, sbr. 42. tbl. Lögbirtingablaðsins 1946.

3.

Hér með tilkynnist, að stjórn h/f Hauka í Hrísey hefur á fundi hinn 23. nóv. 1946 ráðið Jón Guðmundsson, Bjarmastíg 11, Akureyri, framkvæmdastjóra félagsins og veitt honum prókúruumboð. Ritari hann firmað þannig:

pr. pr. H/f Haukar.  
Jón Guðmundsson.  
Akureyri, 23. nóvember 1946.  
Magnús Gamalielsson.  
Björgvin Jónsson.

4.

Á hlutbafafundi í H/f Bifreiðaverkstæðinu Þórshamri 5. des. 1946 var samþykkt hlutafjárúkning félagsins úr kr. 70000.00 í kr. 300000.00. Innborgað hlutafé er kr. 245000.00. Þá tilkynnist enn fremur, að stjórn hlutafélagsins skipa nú: Stefán Árnason, forstjóri, Þingvallastræti 16, Akureyri, formaður, Eiríkur Brynjólfsson, Kristnesi, og Gísli Ólafsson, Holtagötu 8, Akureyri. Stefán Árnason er framkvstj. félagsins með prókúruumboði.

5.

Skv. ákvörðun meiri hl. félagsstjórnar í h/f Ægi, Akureyri, hefur prókúruumboð það, sem stjórn félags vors veitti Bergi skipstjóra Lárussyni, Dalvík, í mai s. l., verið afturkallað.

Hér eftir ritari Richardt Ryel því einn firmað, þannig:

pr. Ægír h/f.  
Richardt Ryel.  
P. t. Akureyri, 2. janúar 1947.  
Í stjórn Ægis h/f.  
Richardt Ryel.  
Gunnhildur Ryel.

6.

Hér með er Randver Sæmundssyni, verzlunarmanni, Ólafsfirði, veitt prókúruumboð fyrir Verzlunarfélag Ólafsfjarðar s/f, með fullum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt.

Firmað ritari hann þannig:  
pr. pr. Verzlunarfélag Ólafsfjarðar s/f  
Randver Sæmundsson.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, er Magnúsi Jónssyni, verzlunarstj., var veitt fyrir nefnt samvinnufélag, dags. 1. febr. 1946.

Ólafsfirði, 16. janúar 1947.  
Í stjórn Verzlunarfélags Ólafsfjarðar s/f  
Sigurður Baldvinsson.  
Guðm. L. Þorsteinsson.  
Jóh. J. Kristjánsson.

7.

Stjórn Síldarverksmiðjunnar í Krossanesi hefur á fundi sínum í dag samþykkt að veita framkvæmdastjóra verksmiðjunnar, Hallgrími Björnssyni efnaverkfræðingi, prókúruumboð fyrir verksmiðjuna. Ritari hann firmað þannig:

pr. pr. Síldarverksmiðjan í Krossanesi.  
Hallgrímur Björnsson.  
Akureyri, 10. febrúar 1947.

Í stjórn

Síldarverksmiðjunnar í Krossanesi.  
Guðm. Guðlaugsson.  
Jón G. Sólnes.  
Björn Jónsson.  
Jón M. Árnason.  
Þorsteinn Stefánsson.  
settur bæjarstjóri.

263 8.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Eyja-fjarðarsýslu og Akureyrar, að við undirritaðir, Ólafur Ágústsson, húsgagnasmíðameistari, og Ágúst Ólafsson, báðir til heimilis á Strandgötu 33 á Akureyri, rekum húsgagnavinnustoku á Akureyri undir firmanafninu Húsgagnavinnustofa Ólafs Ágústssonar & Co. Firmað rekum við með fullri persónulegri ábyrgð beggja á öllum skuldbindingum þess. Firmað ritum við hvor um sig eða báðir saman, þannig:

Húsgagnavinnustofa  
Ólafs Ágústssonar & Co.  
Ólafur Ágústsson.  
Ágúst Ólafsson.  
Akureyri, 14. febr. 1947.  
Ólafur Ágústsson.  
Ágúst Ólafsson.

9.

Á aðalfundi í hlutafélaginu Stöðvarhúsinu 31. f. m. var ákveðið að hækka hlutafé félagsins úr kr. 35000,00 í kr. 50000,00. Á sama aðalfundi gekk Hafsteinn Halldórsson úr stjórn félagsins, en í stað hans var kjörinn Steingrímur Sigursteinsson, bifreiðarstjóri, Akureyri.

Akureyri, 17. febrúar 1947.  
F. h. Stöðvarhússins h/f.  
Guðmundur Snorrason.  
Þórður Arnaldsson.

10.

Hér með tilkynnum vér, að prókúruumboð fyrir Útgerðarfélag Akureyringa h/f var á stjórnarfundum félagsins hinn 5. marz 1947 veitt Guðmundi Guðmundssyni framkvæmdastjóra.

Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Útgerðarfélag Akureyringa h/f.  
Guðmundur Guðmundsson.  
Í stjórn Útgerðarfélags Akureyringa h/f.  
Jakob Frimannsson.  
Indriði Helgason.  
Tryggvi Helgason.  
Steinn Steinsen.

11.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Akureyrar, að vér rekum með ótakmark-

aðri ábyrgð vefnaðarvöruverzlun á Akureyri undir nafninu: Amarobúðin.

Prókúruhafi er Skarphéðinn Ásgeirsson, Helgamagrastr. 2, Akureyri, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Amarobúðin.  
Skarphéðinn Ásgeirsson.  
Akureyri, 25. maí 1947.  
Skarphéðinn Ásgeirsson.  
Valg. Stefánsson.

12.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Akureyrar að Ægir h.f., Akureyri, hefur flutt heimilisfang sitt til Reykjavíkur, samkv. fundarsamþykkt 3. júní 1947.

Hlutafélagið óskast því afmáð úr hlutafélagaskrá Akureyrar og skrásetningar-skjölun send borgarfégetanum í Reykjavík.

Reykjavík, 4. júní 1947.  
Jón Halldórs.  
Richardt Ryel.  
Bergur Lárússon.

13.

Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, að ég er ekki lengur meðeigandi að „Félagsútgáfunni“, Akureyri, og eru allar skuldbindingar hennar því hér eftir mér óviðkomandi.

Jónas G. Rafnar,  
cand. jur.

Við undirritaðir lýsum því hér með yfir, að við erum einir eigendur Félagsútgáfunnar á Akureyri og berum einir ábyrgð á skuldbindingum hennar. Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð Jónasar G. Rafnars. Við höfum hvor um sig prókúru fyrir útgáfuna, og ritum þannig:

Félagsútgáfan.  
Karl Jónasson.  
Félagsútgáfan.  
Guðm. Ó. Ólafsson.  
Akureyri, 29. júlí 1947.  
Karl Jónasson.  
Guðm. Ó. Ólafsson.

14.

Ég undirrituð Friðrika Friðriksdóttir, bóksali, Akureyri, gef hér með Ásgeiri Jakobssyni, einnig til heimilis á Akureyri, prókúruumboð fyrir bókabúð mína samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903. Firmað ritar hann þannig:

p. p. Bókabúð Rikku.  
 Ásgeir Jakobsson.  
 10. sept. 1947.  
 Friðrika Friðriksdóttir.

15.

Við undirrituð höfum keypt í félagi verzlunina Gjafabúðina á Akureyri af Þorsteini Thorlacius og munum reka hana framvegis með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Gjafabúðin s/f, Akureyri. Valgarður Stefánsson, Oddeyrargötu 28, hefur prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Gjafabúðin s/f.  
 Valgarður Stefánsson.  
 Akureyri, 24. september 1947.  
 Guðrún Valgarðsdóttir.  
 Ragnheiður Valgarðsdóttir.  
 Valgarður Stefánsson.

16.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár, að á aðalfundi í h/f J. K. Havsteen & Co. hinn 2. þ. m. voru eftiralin kosin í stjórn félagsins: J. K. Havsteen, Akureyri, Vigfús Þ. Jónsson, s. st., og Huld Jóhannesdóttir, s. st.

Akureyri, 26. sept. 1947.  
 F. h. h/f J. K. Havsteen & Co.  
 Vigfús Þ. Jónsson.  
 Huld Jóhannesdóttir.

17.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár, að á stjórnarfundum í h/f J. K. Havsteen & Co., Akureyri, höldnum í dag, var samþykkt að nema úr gildi frá deginum í dag að telja prókúruumboð J. K. Havsteen fyrir félagið.

Akureyri, 26. sept. 1947.  
 Vigfús Þ. Jónsson.  
 Huld Jóhannesdóttir.

18.

Hinn 7. október 1944 gekk Ottó Pálsson, Strandgötu 29, úr firmanu Tómas

Steingrímsson & Co., og ber hann ekki ábyrgð á skuldbindingum firmans frá þeim tíma. Samkvæmt því hefur Tómas Steingrímsson, Munkaþverárstræti 35, verið einkaeigandi firmans Tómas Steingrímsson & Co. frá 7. okt. 1944, og ber hann einn ábyrgð á öllum skuldbindingum firmans og skuldum frá þeim tíma.

Eftirleiðis skuldbindur Tómas Steingrímsson einn firmað, þannig:

Tómas Steingrímsson & Co.  
 T. Steingrímsson,  
 Akureyri, 11. október 1947.  
 Tómas Steingrímsson.  
 Ottó Pálsson.

19.

Á aðalfundi Véla- og plötusmiðjunnar Atla h/f 20. apríl 1947 voru þessir menn kjörnir í stjórn hlutafélagsins: Sveinn Tómasson járnsm., Geislag. 39, Akureyri, form., Eggert Stefánsson vélsn., Eyrarvegi 7, og Alfred Möller vélsn., Eiðsvalla-götu 26, Akureyri, meðstjórnendur. Varmaður í stjórn er Stefán Stefánsson járnsmiður, Glerárgötu 2, Akureyri.

Á fundinum var afturkallað prókúruumboð Steingríms Sigurðssonar, en Albert Sölvassyni framkvstj. og Sveini Tómassyni veitt prókúruumboð fyrir hlutafélagið.

Prókúruhafarnir rita firmað þannig:

pr. pr. Véla- og plötusmiðjan Atli h/f.  
 Albert Sölvason.  
 pr. pr. Véla- og plötusmiðjan Atli h/f.  
 Sveinn Tómasson.

Akureyri, 17. október 1947.  
 Stjórn Véla- og plötusmiðjunnar Atla h/f.  
 Sveinn Tómasson.  
 Eggert Stefánsson.  
 Alfred Möller.

## XI. Suður-Múlasýsla.

1.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi Hraðfrystihúss Eskifjarðar h.f. hinn 16. febr. 1947 var kosin ný stjórn fyrir félagið. Stjórnina skipa nú: Aðalmenn: Arnþór Jensen, framkvstj., Guðjón Einarsson, sjóm., Ingólfur Hallgrímsson,

263 framkvstj., Jóhann Klausen, útgm., Skúli Þorsteinsson, skólastjóri.

Varamenn: Helgi Sigurðsson, verkam., Kristján Indriðason, fiskimatsm.

Eskifirði, 19. marz 1947.  
Arnbór Jensen.  
Skúli Þorsteinsson.  
Ingólfur Hallgrímsson.

2.

Hér með veitum vér, stjórn firmans Markúsar E. Jensen h/f, Eskifirði, Ingólfi Hallgrímssyni, Eskifirði, prókúruumboð fyrir firmað. Um réttindi og skyldur prókúruhafa fer að lögum. Prókúruhafinn ritar nafn sitt þannig:

pr. pr. Markús E. Jensen h/f  
Ingólfur Fr. Hallgrímsson.  
Eskifirði, 13. október 1947.

Í stjórn Markúsar E. Jensen h/f.  
M. Jensen.  
Elin Jensen.  
Ingólfur Hallgrímsson.

## XII. Neskaupstaður.

1.

Hér með tilkynnist, að ég, Jóhann P. Guðmundsson, Miðstræti 10, Neskaupstað, rek trésmiðavinnustofu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Trésmiðjan Einir. Firmað rita ég þannig:

Trésmiðjan Einir.  
Jóh. P. Guðmundsson.  
Neskaupstað, 24. júlí 1947.  
Jóhann P. Guðmundsson.

2.

Hér með tilkynnist, að ég undirritaður hef selt firma mitt, Verzlun Björns Björnssonar, er ég hef rekið sem einkaeigandi, sammefndu hlutafélagi, og óskast hún því afmáð úr firmaskrá Neskaupstaðar.

Neskaupstað, 1. september 1947.  
B. Björnsson.

## XIII. Vestmannaeyjar.

1.

Við undirritaðir rekum í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð hraðfrystihús í Vestmannaeyjum undir firmanafninu: Hraðfrystistöðin. Framlag okkar nemur samtals kr. 100000.00,  $\frac{1}{3}$  þeirrar fjárhæðar frá hverjum okkar. Hver okkar um sig hefur rétt til að rita firmað, en þó þarf samþykki allra til að selja eða veðsetja fasteignir, er félagið kann að eignast. Firmað ritum við þannig:

Hraðfrystistöðin.  
Ágúst V. Matthíasson.  
Hraðfrystistöðin.  
Gísli Þorsteinsson.  
Hraðfrystistöðin.

Þorsteinn Sigurðsson.  
Vestmannaeyjum, 11. janúar 1947.  
Ágúst V. Matthíasson.  
Gísli Þorsteinsson.  
Þorsteinn Sigurðsson.

2.

Á aðalfundi Prentsmiðjunnar Eyrúnar h/f, er haldinn var 26. marz s. l., voru þessir menn kosnir í stjórn prentsmiðjunnar: Gísli Gíslason, Sveinn Guðmundsson, Einar Guttormsson, Sigurður Guttormsson, allir endurkosnir, og Magnús Bergsson í stað Björns Guðmundssonar, kaupm. Varamenn: Páll Þorbjörnsson endurkosinn og Þorsteinn Johnson í stað Guðjóns Vigfússonar, skipstjóra.

Vestmannaeyjum, 20. apríl 1947.  
F. h. Prentsmiðjunnar Eyrúnar h/f.  
Gísli Gíslason.  
Sveinn Guðmundsson.  
Magnús Bergsson.

3.

Ég undirritaður rek í Vestmannaeyjum með ótakmarkaðri ábyrgð netagerðar- og litunarvinnustofu undir nafninu Litunar- og netagerðin Ingólfur. Firmað rita ég þannig:

Litunar- og netagerðin Ingólfur.  
Ingólfur Theódórsson.  
Vestmannaeyjum, 27. maí 1947.  
Ingólfur Theódórsson.

#### XIV. Rangárvallasýsla.

Það tilkynnist hér með, að Hallgrími Jónassyni, Rauðalæk, hefur verið veitt prókúruumboð fyrir Kaupfélag Rangæinga, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Rangæinga.  
Hallgrímur Jónasson.

Einnig tilkynnist, að prókúruumboð Helga Hannessonar fyrir félagið er afturkallað.

Rauðalæk, 7. júní 1947.  
Í stjórn Kaupfélags Rangæinga.  
Ölver Karlsson.  
Ólafur H. Guðmundsson.  
Árni Jónsson.

#### XV. Gullbringu- og Kjósasýsla og Hafnarfjörður.

1.

Vélsmiðja Ol. Olsen h/f, Ytri-Njarðvík, tilkynnir, að áður auglýst prókúruumboð til handa John Turner sé úr gildi fallið. Jafnframt tilkynnist, að prókúruumboð félagsins hefur verið veitt Sigurbirni Ketilssyni, og ritar hann það þannig:

pr. pr. Vélsmiðja Ol. Olsen h/f.  
Sigurbjörn Ketilsson.

Stjórn Vélsmiðju Ol. Olsen h/f.  
Sigurbjörn Ketilsson.  
Haraldur Sigurðsson.  
J. K. Olsen.  
Sverre Olsen.  
Karl Olsen.

2.

Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi Suðurnesja h/f, Keflavík, 23. febr. 1946 gekk Ólafur E. Einarsson úr stjórn félagsins. Lét hann um leið af framkvæmdastjórn þess, og afturkallast prókúruumboð hans jafnframt fyrir félagið. Í stað hans var kosinn í stjórn Brandur Brynjólfsson hdl., Bræðraborgarstíg 21 B, Rvík, en Viggó Helgason, Bankastræti 7, Rvík, var kosinn formaður stjórnarinnar.

Reykjavík, 31. okt. 1946.  
Viggó Helgason.  
M. Helgason.  
Brandur Brynjólfsson.

3.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Hafnarfjarðar, að á stjórnarfundi í hlutafélaginu Fiski í dag, var Birni Jóhannessyni veitt prókúruumboð fyrir félagið.

Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Fiskur h/f.  
Björn Jóhannesson.  
Stjórn Fisks h/f.  
Björn Jóhannesson.  
Þórarinn Egilson.  
Óskar Jónsson.  
B. Halldórsson.  
Adolf Björnsson.

4.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi Dráttarbrautar Keflavíkur h/f, sem haldinn var í skrifstofu félagsins í Keflavík, laugardaginn 2. nóvember 1946, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins til eins árs: Valdimar Björnsson, Keflavík, formaður, Björn Ólafs, Mýrarhúsum, Finnbogi Guðmundsson, Gerðum, Ólafur Jónsson, Sandgerði, Elías Þorsteinsson, Keflavík.

Keflavík, 30. desember 1946.  
pr. pr. Dráttarbraut Keflavíkur h/f.  
Björn Ólafs.

5.

Samkv. tilkynningu firmans h/f Akurgerðis í Hafnarfirði, dags. 18. nóv. 1946, hefur félaginu verið slitið og er skiptum lokið.

6.

Hluthafafundur í félaginu Sandi & mól h/f, Fífuhvammi, Seltjarnarneshreppi, haldinn 30. nóv., ákvað að félagsskapnum skyldi slitið þegar í stað.

Fífuhvammi, 17. des. 1946.  
F. h. Sands & malar h/f.  
Kristján Ísaksson.  
Hannes M. Stephensen.

7.

Hér með tilkynnist, að á stjórnarfundi Dráttarbrautar Keflavíkur h/f, sem haldinn var í dag, var Valdimar Björnsson, Suðurgötu 2 í Keflavík, ráðinn fram-

263 kvæmdastjóri fyrir félagið og jafnframt veitt prókúruumboð með venjulegum réttindum prókúruhafa. Gildir prókúruumboð þetta frá og með 6. janúar 1947, og fellur prókúruumboð það, sem Björn Ólafs frá Mýrarhúsum hefur haft, úr gildi frá sama tíma.

Valdimar Björnsson ritar firmað þannig:

pr. pr. Dráttarbraut Keflavíkur h/f.  
Valdimar Björnsson.  
Keflavík, 31. des. 1946.

Í stjórn Dráttarbrautar Keflavíkur h/f.  
Elías Þorsteinsson.  
Björn Ólafs.  
Finnbogi Guðmundsson.  
Ólafur Jónsson.  
Valdimar Björnsson.

8.

Hér með tilkynni ég undirrituð, Bjarnfríður Sigurðardóttir, Vatnsnesi, Keflavík, til firmaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu, að ég mun halda áfram óbreyttri verzlun manns míns, Jóhanns heitins Guðnasonar, og reka hana undir sama nafni og áður: Timburverzlun Jóhanns Guðnasonar. Ber ég fulla ábyrgð á skuldbindingum verzlunarinnar.

Firmað rita ég þannig:

Timburverzlun Jóhanns Guðnasonar.  
Bjarnfríður Sigurðardóttir.  
Reykjavík, 10. janúar 1947.  
Bjarnfríður Sigurðardóttir.

9.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu, að Friðrik Þorsteinssyni, Vallargötu 26, Keflavík, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir firmað Timburverzlun Jóhanns Guðnasonar. Ritara hann firmað þannig:

pr. pr.

Timburverzlun Jóhanns Guðnasonar.  
Friðrik Þorsteinsson.  
Keflavík, 11. janúar 1947.  
Bjarnfríður Sigurðardóttir.

10.

Undirrituð stjórn Hraðfrystihúss Þorkötlustaða h/f, Grindavík, veitir hér með

Jóni Danielssyni prókúruumboð fyrir nefnt hlutafélag með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt.

Firmað ritara hann þannig:

pr. pr. Hraðfrystihúss Þorkötlustaða h/f.  
Jón Danielsson.

Grindavík, 23. janúar 1947.

Stjórn Hraðfrystihúss Þorkötlustaða h/f.  
Magnús Þórðarson.  
Jón Guðmundsson.  
Þórarinn Pétursson.  
Jón Eyjólfsson.

11.

Á fundi, sem haldinn var í Hraðfrystihúsinu Ís h/f, Kópavogi, 20. febr. 1947, var ákveðið að veita Eyvindi Árnasyni trésm., Laufásvegi 52, lausn úr stjórn félagsins, en í hans stað kemur Eyvindur Árnason, Klöpp, Seltjarnarnesi. Þá var og ákveðið að veita þeim Árna S. Böðvarssyni, forstj. félagsins, og J. B. Kristinsyni, ritara þess, prókúru fyrir félagið og rita þeir það þannig:

pr. pr. Hraðfrystihúsið Ís h/f.

Á. S. Böðvarsson.

pr. pr. Hraðfrystihúsið Ís h/f.

J. B. Kristinsson.

Þetta tilkynnist hér með.

Kópavogi, 20. febrúar 1947.

Hraðfrystihúsið Ís h/f.

Á. S. Böðvarsson.

J. B. Kristinsson.

Eyvindur Árnason.

12.

Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi hlutafél. Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur, sem haldinn var í dag, gekk Friðrik Valdimarsson úr stjórn félagsins, en í hans stað var kosinn Stefán Þorvarðarson. Stjórn félagsins er því nú skipuð þannig: Formaður Bjarni Einarsson, meðstjórnendur Stefán Þorvarðarson og Stefán Sigurfinnsson og varastjórnandi Sigurður Guðmundsson.

Enn fremur tilkynnist að sami aðalfundur veitti formanni félagsins, Bjarna Einarssyni, prókúruumboð fyrir félagið með öllum réttindum og skyldum pró-

kúruhafa samkvæmt lögum, og hagar hann undirskriftinni þannig:

pr. pr. Skipasmíðastöð Njarðvíkur h.f.

Bjarni Einarsson.

Ytri-Njarðvík, 26. apríl 1947.

Stjórn Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur h.f.

Bjarni Einarsson.

Stefán Þorvarðarson.

St. Sigurfinnsson.

13.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu, að á fundi 5. okt. 1946 var samþykkt að auka hlutafé félagsins um kr. 130000.00 upp í kr. 180000.00. Aukningahlutirnir voru allir seldir á fundinum, en af þeim skyldi greiða þegar kr. 90000.00 og kr. 40000.00 þegar stjórnin krefðist þess.

p. t. Reykjavík, 5. maí 1947.

Í stjórn Geirs goða h/f

Loftur Loftsson.

Ingveldur Ólafsdóttir.

14.

Á stjórnarfundum í Fiski h/f, sem haldinn var 16. maí s. l., samþykkti stjórnin að veita Ólafi framkvæmdastj. Elissyni prókúruumboð fyrir félagið, og afturkallast því hér með prókúruumboð Björns framkvæmdastjóra Jóhannessonar frá sama tíma.

Hafnarfirði, 16. maí 1947.

Fiskur h.f.

Björn Jóhannesson

Þórarinn Egilson.

Óskar Jónsson.

15.

Á hluthafafundi í Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f, sem haldinn var hinn 9. okt. f. á., var ákveðið að auka hlutafé félagsins í kr. 200000.00 — tvö hundruð þúsundir króna. Hlutafjársofnun er nú lokið og allt hlutaféð greitt.

Njarðvík, 17. maí 1947.

Bjarni Einarsson.

Stefán Þorvarðsson.

St. Sigurfinnsson.

16.

Vér leyfum oss hér með að tilkynna, að á aðalfundi, sem haldinn var 31. maí s. l. í Fiski h/f, Hafnarfirði, var sú breyt-

ing gerð á lögum félagsins, að stjórnin skal skipuð 3 mönnum í stað 5. Enn fremur var stjórninni veitt heimild til að auka hlutafé félagsins upp í allt að 700 þús. krónur.

Stjórn félagsins skipa nú: Ólafur Elisson, Hafnarfirði, Eiríkur Guðmundsson, Garðastr. 39, Reykjavík, og Óskar Jónsson, Hafnarfirði.

Varamaður í stjórn er Guðmundur Jónsson, Hafnarfirði.

Á stjórnarfundum í dag var Óskar Jónsson kosinn formaður stjórnarinnar.

Hafnarfirði, 5. júní 1947.

Fiskur h/f.

Óskar Jónsson.

Ólafur Elisson.

Eiríkur Guðmundsson.

17.

Á aðalfundi Prentsmíðju Hafnarfjarðar h/f 12. júní 1947 hlutu þessir kosningu í stjórn félagsins:

Sigurður Guðmundsson, arkitekt, form., Kjartan Thors, framkvæmdastjóri, og Guðmundur Ragnar Jósefsson, prentari, meðstjórnendur.

Varamaður: Bergur Jónsson, héraðs-dómslögmaður.

Á fundi þessum var ákveðið að auka hlutaféð í 300000 — þrjú hundruð þúsund — krónur, og seldust allir hlutirnir á fundinum. Innborgað hlutafé er 280000 kr.

Sigurður Guðmundsson.

Kjartan Thors.

Guðmundur Ragnar Jósefsson.

18.

Á fundi stjórnar Bilaverkstæðis Hafnarfjarðar h/f 2. júlí 1947 var samþykkt að veita framkvæmdastjóra félagsins, Andrési Guðnasyni, Kirkjuteigi 16, Reykjavík, fullt prókúruumboð fyrir félagið, og falla niður frá sama tíma öll áður auglýst réttindi manna til að rita firmað.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Bilaverkstæði Hafnarfjarðar h/f.

Andrés Guðnason.

Hafnarfirði, 2. júlí 1947.

Stjórn Bilaverkstæðis Hafnarfjarðar h/f.

G. Magnússon.

Kristján Steingrímsson.

263 19.

Stjórn Kaupfélags Hafnafirðinga hélt fund í skrifstofu félagsins þriðjudaginn 5. ágúst 1947. Mættir voru undirritaðir. Óskar Jónsson var fjarverandi úr bæn- um. Samþykkt var að veita framkvæmd- arstjóranum, Ragnari Péturssyni, Linn- etsstig 8, Hafnafirði, prókúruumboð fyrir félagið. Fundi slitið.

Ólafur Þ. Kristjánsson. Guðm. Jónasson. Guðjón Gunnarsson. Þórður Þórðarson. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Kaupfélag Hafnafirðinga.  
Ragnar Pétursson.

20.

Það tilkynnist hér með, að Kristján Georg Jósteinsson, Suðurgötu 34, Kefla- vik, hefur gengið úr hlutafélaginu Véls- miðju Njarðvíkur og í hans stað hefur gengið í félagið Skarphéðinn Ágústsson, vélsmiður, Innri-Njarðvík. Stjórn félags- ins er nú þannig skipuð: Magnús Krist- insson, formaður, og meðstjórnendur eru Friðrik Valdimarsson og Skarphéðinn Ágústsson. Varamaður: Hákon Kristins- son.

Enn fremur tilkynnist, að stjórn félags- ins hefur veitt Friðrik Valdimarssyni, skipasmið, Ytri-Njarðvík, prókúruumboð fyrir félagið, með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögum. Hagar hann undirskriftinni sem hér segir:

pr. pr. Vélsmiðja Njarðvíkur h/f.  
Friðrik Valdimarsson.

Ytri-Njarðvík, 26. ágúst 1947.

Stjórn Vélsmiðju Njarðvíkur h/f.  
Magnús Kristinsson.  
Skarphéðinn Ágústsson.  
Friðrik Valdimarsson.

21.

Stjórn Akurgerðis h/f í Hafnafirði gerir kunnugt, að hún hefur ráðið þá Þórarinn Egilsson, Reykjavíkurvegi 1, og Björn Jóhannesson, Vesturbraut 9, fram- kvæmdastjóra félagsins og jafnframt veitt þeim prókúruumboð fyrir félagið.

Prókúruhafarnir rita firmað þannig:

pr. pr. Akurgerði h/f.

Þórarinn Egilsson.

pr. pr. Akurgerði h/f.

Björn Jóhannesson.

Hafnafirði, 20. sept. 1947.

Stjórn Akurgerðis h/f.

Ásgeir G. Stefánsson.

Adolf Björnsson.

Emil Jónsson.

Friðfinnur V. Stefánsson.

22.

Hér með tilkynnist firmaskrá Hafnar- fjarðar, að ég opna blómaverzlun, Pálm- ann, í Lækjargötu 10, Hafnafirði, 1. okt. n. k. og ber einn ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans frá og með 1. okt. 1947. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Pálminn.

Magnús Guðmundsson.

Hafnafirði, 29. sept. 1947.

Magnús Guðmundsson.